

REGLUGERÐ

um starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu.

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verkstæða sem hafa fengið B-faggildingu frá Löggildingarstofunni til endurskoðunar ökutækja. Reglur þessar byggja á ákvæðum í reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja og með hliðsjón af ákvæðum í ÍST EN 45000 staðlaröðinni.

Faggilding á endurskoðunarverkstæðum er takmörkuð að því leyti að verkstæðin þurfa ekki að fullnægja öllum skilyrðum sem gilda við hefðbundna faggildingu og nefnist því B-faggilding.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Endurskoðunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur B-faggildingu til þess að endurskoða að bætt hafi verið úr frávikum sem fram hafa komið við aðal skoðun ökutækis hjá faggiltri skoðunarstofu.

B faggilding: Aðferð sem Löggildingarstofan beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að endurskoðunarverkstæði búi yfir nægjanlegri hæfni til að starfa skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Endurskoðun ökutækis: Athugun til þess að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis uppfylli kröfur sem gerðar eru í ákvæðum reglna sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu eftir að gert hefur verið við þau frávík sem athugasemdir voru gerðar við í aðalskoðun.

Skoðunarovottorð (ökutækis): Skjal, undirritað af skoðunarmanni, sem staðfestir að skoðað ökutæki standist kröfur sem gerðar eru í ákvæðum reglna sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu.

Skoðunarmaður: Fastráðinn starfsmaður endurskoðunarverkstæðis sem uppfyllir kröfur í ákvæðum reglugerðar þessarar og starfar að endurskoðun ökutækja.

Umfang

3. gr.

Faggildingarsvið til endurskoðunar ökutækja eru eftirfarandi:

1. Skynbúnaður
2. Hreyfill og fylgibúnaður
3. Yfirbygging
4. Stýrisbúnaður
5. Burðarvirki
6. Hjólabúnaður
7. Afhrás
8. Hemlabúnaður
9. Tengibúnaður og merkingar
10. Hjólbarðar

Framangreind faggildingarsvið skiptast eftir stærð og flokkun ökutækja á eftirfarandi hátt:

- a. Bifreið £ 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
- b. Bifreið >3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
- c. Eftirvagn £ 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
- d. Eftirvagn >3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
- e. Bifhjól

Reglur um stjórnun.

4. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa skráð virðisaukaskattsnúmer og hafi verið starfrækt a.m.k. eitt bókhaldsár og hafa gott orð á sér fyrir heiðarlega viðskiptahætti og góðan rekstur. Á endurskoðunarverkstæði skal starfa maður sem er tæknilega ábyrgur fyrir því að skoðun sé gerð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum þeim reglum sem um starfsemi þessa fjalla. Starfsmaðurinn skal vera fastráðinn, heyra beint undir yfirstjórn verkstæðisins og hafa viðhlítandi starfsréttindi og reynslu.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa skjalfesta lýsingu á þeim starfsemi sinni sem faggilt er.

Sjálfstæði og ráðvendni.

5. gr.

Við endurskoðun ökutækja má skoðunarmaður ekki þiggja afkastahvetjandi laun eða hliðstæðar greiðslur eða hafa fjárhagslegan ávinning af niðurstöðum skoðana eða á annan hátt vera háður niðurstöðum skoðana.

Endurskoðunarverkstæði skal tryggja að utanaðkomandi aðilar hafi engin áhrif á niðurstöður skoðana.

Gæðakerfi.

6. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal vegna skoðunarstarfsemi sinnar hafa skýra stefnu í gæðamálum og beita virku gæðakerfi sem skjalfest er í gæðahandbók.

Tæknileg hæfni.*Skoðunarmenn*

7. gr.

Skoðunarmaður skal hafa nægilega tæknikunnáttu í þeim viðgerðum og skoðunum sem endurskoðunarverkstæðið annast. Hann skal auk þess kunna skil á reglum dómsmálaráðuneytisins er varða skoðun ökutækja og uppfylla hæfniskröfur í reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja. Fagréttinda er þó ekki krafist þegar um er að ræða endurskoðun hjólbarða á faggiltu hjólbarðaverkstæði.

Endurskoðunarverkstæði skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem annast endurskoðun ökutækja. Í skránni skulu vera upplýsingar um grunnmenntun, þjálfun, tæknilega þekkingu og reynslu sérhvers starfsmanns.

Aðstaða og tækjabúnaður.

8. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal vera í húsnæði og hafa aðstöðu sem hentar til þess að endurskoða ökutæki á þeim sviðum sem það hefur hlotið faggildingu á. Húsnæði skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

9. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa yfir að ráða tækjakosti í samræmi við ákvæði í reglum sem dómsmálaráðuneytið gefur út um tækjabúnað til þess að skoða ökutæki.

Endurskoðunarverkstæði skal ábyrgjast að búnaður sem notaður er við skoðun, fái viðhald og umhirðu samkvæmt skriflegri áætlun endurskoðunarverkstæðisins.

Endurskoðunarverkstæði skal skrá tæki sem notuð eru við endurskoðun með upplýsingum um kvörðun og viðhald. Tæki sem það tekur í notkun skulu kvörðuð og síðan endurkvörðuð eftir föstu skipulagi.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa reglur um kvörðun tækja til skoðunar og skal þeim reglum beitt þannig að mælingar sem gerðar eru megri rekja til mæligrunna ef unnt er og þegar þurfa þykir.

Mælitæki skulu athuguð milli reglubundinna kvarðana skv. skriflegri áætlun endurskoðunarverkstæðisins.

Endurskoðunarverkstæði skal taka biluð tæki úr notkun. Áhrif bilunar á fyrri endurskoðanir skulu athuguð og bætt úr þeim.

Tækjakostur sem notaður er við endurskoðun skal vera greinilega merktur.

Tækjakostur skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

Vinnuskipan.

Skoðunarreglur.

10. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal fylgja ákvæðum í skoðunarreglum sem dómsmálaráðuneytið gefur út.

Ávallt skal sannreyna að rétt ökutæki sé verið að endurskoða með því að bera saman vottorð um aðalskoðun, skráningarnúmer og verksmiðjunúmer ökutækisins.

Skoðunarvottorð.

11. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal skrá niðurstöður skoðana í endurskoðunarvottorð. Vottorð um skoðun má fella inn í skjalavistunarkerfi verkstæðisins.

Endurskoðunarvottorð skal geyma upplýsingar um hver skoðaði, niðurstöður skoðunar svo og niðurstöður um mat á samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið gefur út ásamt öðrum upplýsingum sem þarf, þannig að unnt sé að skilja og túlka niðurstöður. Upplýsingar skulu gefnar villulausar, nákvæmar og skýrar. Ef vottorð hefur að geyma niðurstöður frá undirverktaka skulu þær greinilega merktar.

Endurskoðunarvottorð skal einungis undirritað af þeim skoðunarmanni sem skoðaði ökutækið.

Endurskoðunarverkstæði skal senda niðurstöður skoðana samdægurs til ökutækjaskrár.

Endurskoðunarverkstæði skal tilgreina faggildingarnúmer sitt á endurskoðunarvottorði.

Skjalavistun.

12. gr.

Skoðunarvottorð, afrit af vottorði um endurskoðun ökutækis og önnur gögn skulu vistuð á öruggum stað í a.m.k. tvö ár eftir að endurskoðun fór fram. Með þessum gögnum skal einnig vista niðurstöður frá undirverktökum. Endurskoðunarverkstæði sem tekur að sér endurskoðun, en felur undirverktaka hluta skoðunarinnar, ber ábyrgð á skoðunarvottorðinu og skal einungis gefa út eitt vottorð fyrir alla þætti endurskoðunar sérhvers ökutækis.

Skýrslur og vottorð skulu tiltæk og auðfinnanleg þegar Löggildingarstofan eða viðeigandi stjórnvald óskar þess.

Undirverktakar.

13. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal sjálft annast þær endurskoðanir sem gera skal á ökutækjum. Aðeins faggilt endurskoðunarverkstæði skal fengið sem undirverktaki við endurskoðun.

Ef endurskoðunarverkstæði felur undirverktaka að annast tiltekna skoðun skal verkstæðið ganga úr skugga um að undirverktaki hafi faggildinguna til skoðunarinnar.

Halda skal skrá yfir undirverktaka.

Kvartanir.

14. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal setja sér skrifleg fyrirmæli um hvernig það fer með kvartanir vegna skoðunar. Verkstæðið skal halda skrá um allar kvartanir sem beinast að skoðunarstarfseminni og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar þeirra vegna.

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal:

a. á skýran hátt tilgreina á hvaða sviði það er faggilt,

- b. því aðeins vísa til faggildingar sinnar í skoðunarvottorðum að fram komi fyrir hvaða svið það er faggilt,
- c. ekki gefa yfirlýsingu um faggildinguna sem telja má villandi eða fer út fyrir heimild þess,
- d. reyna að tryggja að enginn noti endurskoðunarvottorð eða hluta úr þeim á villandi hátt,
- e. veita það samstarf sem nauðsynlegt telst til þess að gera Löggildingarstofunni kleift að annast eftirlit,
- f. þegar í stað hætta að vísa til faggildingar sinnar ef hún er felld úr gildi eða rennur út,
- g. taka þátt í samráðsstarfsemi og samanburðarskoðunum sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar skipuleggur. Verkstæðið skal greiða allan kostnað sem af slíku hlýst.

16. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofunnar skriflega og án tafar hverja þá breytingu sem getur haft áhrif á heimild endurskoðunarverkstæðisins til þess að starfa samkvæmt fyrirmælum um faggildingu.

17. gr.

Faggilding gildir til allt að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á endurskoðunarverkstæði, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Löggildingarstofan gerir reglubundið eftirlit á árs fresti.

18. gr.

Ef endurskoðunarverkstæði uppfyllir ekki almenn skilyrði um faggildingu, endurskoðun er ófullnægjandi eða að skoðunarmaður vottar að bætt hafi verið úr frávikum þótt svo reynist ekki getur Löggildingarstofan þegar í stað krafist tafarlausra úrbóta af hálfu endurskoðunarverkstæðis, ákveðið að breyta umfangi faggildingar eða ákveðið að afturkalla faggildingu.

Kostnaður sem af slíkri aðgerð hlýst, skal greiddur af endurskoðunarverkstæðinu.

19. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar skal endurskoðunarverkstæðið greiða á gjalddaga.

20. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 345, 20. ágúst 1993.

Viðskiptaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

F.h.r.

Borkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.